

Nd.

74. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 40 19. júní 1933, um breyting á lögum nr. 23 15. júní 1926,
um bæjargjöld í Vestmannaeyjum.

Flm.: Jóhann Jósefsson.

1. gr.

2. gr. í lögum nr. 40 19. júní 1933 orðist svo:
Lög þessi skulu gilda til ársloka 1938.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Á s t æ ð u r.

Heimild sú, er Vestmannaeyjakaupstaður hefir til að innheimta vörugjald fyrir bæjarsjóð, nær í núgildandi lögum ekki nema til ársloka 1937. Telja má víst, að bærinn þurfi á þessum tekjustofni að halda einnig árið 1938, og er því hér farið fram á, að heimildin verði framlengd um eitt ár.